

**Nd.**

**314. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsíma-kerfi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

9. grein laga nr. 35, 20. okt. 1913, er úr gildi numin, en í hennar stað komi svo hljóðandi gtein:

Þegar samningar þeir falla úr gildi, sem nú eru milli símastjórnarinnar og sveitarstjórna um greiðslu kostnaðarins við rekstur símastöðva, greiðir landssíminn af kostnaði þessum ekki minni hluta en hjer segir:

- |                                          |             |                 |
|------------------------------------------|-------------|-----------------|
| a. Af kostnaðinum við rekstur símastöðva | I. flokks B | $\frac{4}{5}$ . |
| b. — — — — —                             | II. —       | $\frac{2}{3}$ . |
| c. — — — — —                             | III. —      | $\frac{1}{2}$ . |

Rekstur eftirlitsstöðva og skiftistöðva kostar landssíminn að öllu leyti, en einkastöðvar hlutaðeigandi stöðvarstjóri eða hreppur.

Sömu ákvæði gilda um stöðvar þær, sem stofnaðar kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi.